

Fundargerð aðalfundar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn mánudaginn 27.júní 2011 og hófst kl 11.00 í fundarstofunni á 3ju hæð í húsnæði ÞSV að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

Til aðalfundarins var boðað skriflega með tölvupósti 1. júní s.l. í samræmi við samþykktir félagsins og ítrekað í tölvupósti föstudaginn 24.júní s.l. Á ársfundinn voru fulltrúar frá níu stofnaðilum.

Elliði Vignisson, formaður stjórnar setti fundinn bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn samþykkti tillögu um að Elliði Vignisson annaðist fundarstjórn.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Formaður stjórnar, Elliði Vignisson gerði grein fyrir störfum stjórnar en alls voru haldnir fimm stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi, en þetta er þriðji aðalfundur félagsins. Þá hefur framkvæmdastjórn ÞSV, þ.e. formaður varaformaður og framkvæmdastjóri fundað reglulega og verið í góðu sambandi milli stjórnarfunda. Formaður stiklaði á stóru í starfsemi félagsins og hvað væri framundan á næstu mánuðum.

Fram kom í máli stjórnarformanns að ÞSV í samstarfi við Vestmannaeyjabæ vinnur að framtíðarlausnum fyrir Þekkingarsetrið í húsnæðismálum. Enn er unnið að því að flytja starfsemi ÞSV yfir í vesturhús Fiskiðjunnar sem er í eigu Vestmannaeyjabæjar. Húsnæði Fiskiðjunnar er tæpir 4000 fermetrar á fjórum hæðum og er áætlað að Þekkingarsetrið komi til með að nota aðra eða þriðju hæðina undir skrifstofur, kennslu- og rannsóknarstofur og að á jarðhæðina komi sjávarrannsóknamiðstöð ÞSV. Um er að ræða mjög stórt verkefni en vonast er til þess að hægt verða hefja framkvæmdir haustið 2011.

Því næst flutti Páll Marvin Jónsson, frkvstj. skýrslu um starfsemi ÞSV og lagði um leið fram prentaða ársskýrslu. Fór hann yfir helstu verkefni á árinu og ræddi mikilvægi samstarfs rannsóknar- og fræðslustofnanna í þeim verkefnum.

Í skýrslu framkvæmdastjóra kom fram að nokkrar breytingar urðu á starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja á árinu 2010 og að markmið breytinganna hafi verið að styrkja grunnrekstur og efla faglegt starf í samstarfi stofnanna og fyrirtækja. ÞSV og Vestmannaeyjabær gerðu með sér samstarfssamning um rekstur Fiska- og náttúrugripasafns Vestmannaeyja fyrir árið 2010 og var samþykkt að framlengja samningnum til loka ársins 2011. Nýr samningur var gerður við menntamálaráðuneytið um grunnrekstur félagsins fyrir árið 2011. Framlag ríkisins til Þekkingarseturs Vestmannaeyja lækkaði úr 15 milljónum fyrir árið 2010 í 13,9 milljónir fyrir árið 2011. Ekkert

framlag var til reksturs sjávarransóknamiðstöðvar á árinu 2010 en fyrir árið 2011 fengust 9 milljónir á fjárlögum. Alls störfuðu 29 starfsmenn hjá eða í tengslum við ÞSV á árinu 2010 og þar af sautján fastráðnir háskólamenntaðir starfsmenn. Samstarfið við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnanna er spennandi þróun í starfi Þekkingarsetursins. Nýr samningur um rekstur Sagnheima, byggðasafns styrkir þetta samstarf enn frekar og opnar nýja möguleika fyrir þekkingarsamfélagið í Eyjum. Ljóst er að áframhaldandi samstarf við Vestmannaeyjabæ á safnasviði á þessum nótum ættu að koma báðum aðilum til góða

2.mál. Ársreikningur ÞSV 2010

Arnar Sigurmundsson, varaform. stjórnar fór yfir ársreikning ÞSV fyrir 2010, en bókhald ÞSV hefur frá upphafi verið fært á þjónustuskrifstofu ÞSV. Ársreikningarnir eru gerðir af Deloitte ehf.

	Árið 2010	Árið 2009
Rekstrartekjur ÞSV 2010 námu samtals kr.	17.298.661	18.504.541
Aðrar tekjur ÞSV 2010 námu samtals kr.	45.202.817	52.113.008
Rekstrargjöld ÞSV 2010 námu samtals kr.	64.955.054	71.659.870
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	3.128.171	5.226.274
Afkoma ársins 2010 var jákvæð um kr.	547.324	4.183.953

Skuldbindingar ÞSV vegna Vestmannaeyjabæjar-húsakaupa hækka á árinu 2010 úr 30,0 millj. kr. í 37,5 millj. kr., en lækka úr 15,0 millj. kr. í 10,0 millj. kr. vegna tækjakaupa og stofnkostnaðar Sæheima –sjávarransókna. Samtals nema þessir liðir 47,5 millj. kr í árslok 2010. Peningalegar eignir á móti þessum skuldbindingum eru geymdir og ávaxtaðir á innlánsreikningum í Sparisjóði Vm.

Niðurstaða efnahagsreiknings ÞSV 31.des 2010 var kr. 73.905.439.

Eigið fé ÞSV. í árslok 2010 var kr. 23.345.685, þar af stofnfé kr. 7.700.000. Ársreikningurinn var einróma samþykktur ásamt skýrslu stjórnar ÞSV.

3.mál. Kosning stjórnar og endurskoðenda

Sjöfn Sigurgísladóttir sem hefur skipt um starfsvettvang og Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og þakkaði formaður stjórnar þeim fyrir góð störf í þágu ÞSV.

Í stjórn ÞSV voru kjörin: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sveinn Margeirsson, forstjóri Mátis ohf., Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku, Rögnvaldur Ólafsson, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands, Anna Sigríður Hjaltadóttir, vinnslustjóri hjá VSV hf., Hrafn Sævaldsson, ráðgjafi/verkefnisstjóri hjá APS.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun.

4.mál. Þóknun til stjórnarmanna ÞSV

Aðalfundur ÞSV haldinn 27. júní 2011 samþykkir að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 80 þúsund á mann og að auki 16 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund frá síðasta aðalfundi. Formaður stjórnar fái tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag en saman mynda þeir framkvæmdastjórn ÞSV ásamt framkvæmdastjóra.

5.mál. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV – engin tillaga til brytinga á samþykktum.

Undir þessum lið var var lögð fram á stjórn eftirfarandi tillaga: Aðalfundur ÞSV samþykkir að heimila stjórn félagsins að gera breytingu á skráningu og flokkun á ÞSV í sjálfseignarstofnanaskrá hjá Fyrirtækjaskrá teljist slíkt hagkvæmt fyrir starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

ÞSV hefur verið flokkað sem sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri, en það þýðir að félagið verður skattlagt eins og fyrirtæki, en veitir jafnframt möguleika á innskatti til baka, en þá þarf að innheimta vsk. fyrir þjónustu. Málið hefur verið í skoðun í nokkurn tíma hjá Deloitte og skattyfirvalda.

6.mál. Starfs- og rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2011

Framkvæmdastjóri ÞSV fór yfir rekstraráætlun 2011 og gerði grein fyrir áætlun á afkomu deilda innan ÞSV. Helstu breytingar eru að ný deild, Sagnheimar, tekur til starfa á safnasviði. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu allra deilda.

	Tekjur	Kostnaður	Afkoma
ÞSV- aðaldeild	28.550.000	28.000.000	550.000
Handritin heim	1.250.000	1.250.000	0
Sæh.fiskasafn	14.600.000	14.350.000	250.000
Sagnh. Byggðas.	8.240.000	8.060.000	180.000
Sjávarranns.	10.500.000	10.150.000	350.000
Alls	63.140.000	61.810.000	1.330.000

Framkvæmdastjóri fór síðan yfir teikningar af hugmyndum af nýrri aðstöðu ÞSV í Fiskiðjunni.

Nokkrar umræður voru um nýja aðstöðu og aðkomu Vestmannaeyjabæjar að þeim framkvæmdum.

7.mál.

Júlíus Benediktsson, framkvæmdastjóri Intelscan fjallaði um starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi, en hann var frkvstj. Hafmyndar 2007-2011, en fyrirtækið var selt erlendum aðila á síðasta ári. Hafmynd framleiðir GAVIA kafbáta sem vakið hafa mikla athygli sem leiddi til áhuga þessa stóra bandaríska fyrirtækis. Að loknu erindi sínu svaraði Júlíus fjölmörgum spurningum fundarmanna.

Fleira ekki bókað

Fundarstjóri sleit fundi kl 13:00 og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Elliði Vignisson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson, fundarritari